

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR 2013
Haldinn að Grand Hótel Reykjavík
Þriðjudaginn 23. apríl 2013 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg úttekt - fjárfestingarstefna.
3. Störf endurskoðunarnefndar.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Kosning/skipan stjórnar.
6. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
7. Kjör endurskoðanda.
8. Önnur mál

Fundarsetning

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Harpa gerði tillögu um Magnús M. Norðdahl hrl. sem fundarstjóra og Bjarneyju Sigurðardóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Magnús M. Norðdahl tók við fundarstjórn, kynnti dagskrána og gerði grein fyrir lögmæti fundarins og upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði hann löglegan, þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Fundarstjóri gekk til dagskrár og gaf Hörpu Ólafsdóttur formanni orðið.

1. Skýrsla stjórnar

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Í upphafi máls síns gat Harpa þess að viðfangsefnin hafi verið mörg í starfsemi Gildis-lífeyrissjóðs á síðasta ári. Eign sjóðsins var rúmlega 300 milljarðar króna í lok ársins 2012 og sjóðfélagafjöldinn kominn yfir 188 þúsund manns. Harpa segir sjóðinn endurspeglar nánast allar atvinnugreinar landsins.

Harpa segir að þegar litið er til afkomu sjóðsins á síðasta ári megi vel við una. Samtryggingarsjóðurinn skilaði 12,2% nafnávöxtun sem jafngildir 7,3% raunávöxtun. Þá var stórum áfanga náð þar sem á árinu náðist að semja við alla gömlu bankana um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninganna.

Harpa benti á að sjóðurinn er langtímafjárfestir sem hefur það meginmarkmið að ávaxta fé sitt með hliðsjón af þeim kjörum sem eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Til að dreifa áhættu í eignasafninu hefur m.a. verið fjárfest í alþjóðlegum verðbréfasöfnum. Þá hefur sjóðurinn fjárfest í auknum mæli í íslensku atvinnulífi m.a. vegna gjaldeyrishaftanna.

Hún vitnaði í nýútkomna hluthafastefnu Gildis sem er að finna í ársskýrslunni og sagði hana vera eitt af þeim verkefnum sem sjóðurinn hafi unnið að á undanförunum mánuðum. Harpa sagði mikilvægt að traust ríki á íslenskum hlutabréfamarkaði og að útboðsferli séu vönduð þegar ný félög eru skráð á markað. Harpa sagði að í hluthafastefnu Gildis sé lögð áhersla á vandaðar og faglegar ákvarðanir.

Hún vék því næst að framlagi ríkisins til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða, en framlagið til Gildis var 925 milljónir fyrir árið 2012. Harpa sagði framlagið ekki duga til þess að gera Gildi jafnsettan þeim sjóðum sem hafa enga örorkubyrði og því sé afar brýnt að samstarfið við VIRK starfsendurhæfingarsjóð skili árangri og komi lífeyrisþegum til virkni á vinnumarkaði og létti þannig á örorkugreiðslum úr sjóðnum.

Hlutfall veðlana til sjóðfélaga hefur farið lækkandi milli ára og sagði Harpa það endurspeglar að hluta þá staðreynd að hópur virkra sjóðfélaga í Gildi, sem býr ekki í eigin húsnæði, fer stækkandi. Harpa gat þess að starfshópur innan lífeyrissjóðanna væri nú að kanna möguleg fjárfestinga-tækifæri á leigumarkaði.

Ný lög um kynjakvóta taka gildi á árinu og gat Harpa þess að löngu væri tímabært að rétta hlut kvenna á þessum vettvangi. Hún sagði að ný stjórn Gildis muni uppfylla lögin þar sem stjórnin verður skipuð fjórum konum og fjórum körlum.

Harpa vék því næst að rekstarkostnaði sjóðsins og sagði að vissulega væri um háar upphæðir að ræða en benti jafnframt á að mun meiri kröfur eru nú gerðar til ýmissa eftirlitsþátta en áður. Til að mæta þessum kröfum var starfsmönnum fjölgað í eignastýringu sjóðsins og nýr starfsmaður ráðinn í áhættueftirlit hjá sjóðnum. Þá var einnig nýtt skjalastjórnunarkerfi tekið í notkun en allir þessir þættir kalla á hærri rekstarkostnað sem munu skila sér til lengri tíma lítið í bættum verkferlum. Hlutfall nettórekstarkostnaðar hjá Gildi, að meðtöldum fjárfestingargjöldum, var 0,18% á árinu 2012, sem er sama hlutfall og árin tvö þar á undan.

Harpa gerði grein fyrir skattlagningu ríkisins á lífeyrissjóði á árinu 2011 sem nam ríflega 200 milljónum króna hjá Gildi. Harpa sagði að ríkið hafi ætlað að greiða þessa fjárhæð til baka, með sérstöku samkomulagi við lífeyrissjóðina, en hafi ekki staðið við sinn hluta samkomulagsins og er því ekki um annað að ræða en að dómstólar kveði upp úr um lögmati skattsins. Harpa sagði að Alþýðusamband Íslands muni sinna þeirri hagsmunagæslu og málið hafi verið þingfest í síðustu viku.

Gildi hefur boðið lántakendum í greiðsluferfiðleikum ýmis úrræði og sagði Harpa það metið út frá aðstæðum hvers og eins hvaða leið er hentugust. Þá gerði hún grein fyrir nýju samkomulagi lífeyrissjóðanna og stjórnvalda, sem undirritað var fyrr í dag, sem tekur á vanda þeirra sem tóku lán með lánsveðum. Samkomulagið er þó háð ýmsum skilyrðum en markmið þess er að beita hliðstæðum reglum og voru notaðar í svokallaðri 110% leið.

Harpa vitnaði í nýútkomna ársskýrslu sjóðsins og hvatti fundarmenn til að kynna sér vel efni hennar. Að lokum þakkaði hún starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu.

Fundarstjóri lagði til að opnað yrði fyrir umræður eftir fyrstu 3 liði á dagskránni og var það samþykkt.

2. Kynning ársreiknings - tryggingafræðileg úttekt - fjárfestingarstefna

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins, tryggingafræðilegri úttekt og fjárfestingarstefnu.

Árni gerði í upphafi grein fyrir helstu niðurstöðum ársreikningsins en hrein eign sjóðsins jókst um 37 ma.kr. á árinu og voru heildareignir sjóðsins rúmlega 302 ma.kr. í árslok 2012. Fjárfestingartekjur voru rúmlega 33 ma.kr. í samanburði við rúmlega 20 ma.kr. árið áður. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt er staða sjóðsins neikvæð um 4,4% en batnar þó á milli ára þrátt fyrir auknar skuldbindingar vegna þess að nýjar lífslíkur eru lagðar til grundvallar. Þá hefur óvissu vegna gjaldmiðlavarnarsamninga verið eytt þar sem samið hefur verið um uppgjör á þeim öllum og einnig hefur önnur óvissa í eignasafni sjóðsins minnkað verulega.

Árni gerði því næst grein fyrir ávöxtun sjóðsins á árinu 2012. Samtryggingardeildin skilaði 7,3% raunávöxtun á árinu og nafnávöxtun 12,2%. Raunávöxtun séreignardeilda var þannig að

Framtíðarsýn I skilaði 8,4% raunávöxtun, Framtíðarsýn II 6,7% og Framtíðarsýn III 1,5%. Meðaltal hreinnar raun- og nafnávöxtunar samtryggingar s.l. 10 ár er 3,4% raunávöxtun og 9,6% nafnávöxtun.

Iðgjöld sem greidd voru til sjóðsins á árinu voru 12,5 ma.kr. sem er um 5% hækkun á milli ára. Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði var 925 milljónir samanborið við 880 milljónir árið áður. Lífeyrisgreiðslur á árinu voru 9,1 ma.kr. og hafa hækkað um 12% frá fyrra ári. Árni sýndi á mynd skiptingu lífeyrisgreiðslna, fjölda og fjárhæðir eftir tegundum lífeyris. Árni vakti athygli á örorkulífeyrisþegum þar sem lítil aukning er í fjölda en veruleg aukning í fjárhæðum. Þeir þættir sem helst spila þarna inn í er verðbólga á milli ára og einnig breytingar á regluverki varðandi réttindaflutninga á litlum upphæðum og einnig hafa reglur um viðmiðunartekjur frá Tryggingastofnun breyst.

Fjárfestingatekjur sjóðsins voru rúmlega 33 ma.kr. á árinu 2012 en voru 20,3 ma.kr. árið áður. Árni benti á að í liðnum „niðurfærsla verðbréfa“ er núll, en undanfarin ár hafa verið færðar varúðarfærslur vegna nauðasamninga í þennan lið. Skuldabréfakröfum hefur í mörgum tilvikum verið breytt í hlutafé og breyting á virði þess færst annars staðar í reikningnum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins var 592 m.kr. og hefur hækkað um 14% á milli ára. Helstu ástæður hækkunar eru fjölgun starfsmanna í eigna- og áhættustýringu ásamt uppsetningu á nýju upplýsinga- og skjalavistunarkerfi, sem mun bæta mjög utanumhald og öryggismál sjóðsins. Árni fór yfir sundurliðun á stærstu liðum kostnaðar.

Árni fór yfir efnahagsreikning sjóðsins 31.12.2012 og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 302,2 ma.kr. í árslok og skiptist í 299,5 ma.kr. í samtryggingardeild og 2,7 ma.kr. í séreignardeild.

Árni sýndi því næst yfirlit yfir kaup og sölu verðbréfa á árinu 2012 og gerði grein fyrir helstu fjárfestingum í skráðum og óskráðum hlutabréfum og einnig skuldabréfum ársins. Nettókaup í skuldabréfum voru um 11,5 ma.kr. og í hlutabréfum 6,8 ma.kr. Þá voru kaup í erlendum fasteignasjóðum upp á 359 milljónir og á móti sala 598 milljónir. Heildar nettókaup ársins eru því rúmlega 18 ma.kr.

Helstu kennitölur samtryggingardeildar 2012. Hrein raunávöxtun 7,3% og hrein nafnávöxtun 12,2%. Hrein meðalávöxtun s.l. 10 ár 3,4%. Rekstrarkostnaður 0,11%. Fjöldi virkra sjóðfélaga 26.328 og fjöldi lífeyrisþega 16.328.

Árni sýndi myndrænt ýmsar upplýsingar um ávöxtun s.s.þróun ávöxtunar samtryggingardeildar í 10 ár, ávöxtun verðbréfaeignar 2012 og samanburð á ávöxtun lífeyrissjóða.

Árni gerði því næst grein fyrir uppgjörum á gjaldmiðlavarnarsamningunum við Glitni, Kaupþing og Landsbankann. Samningarnir voru ólíkir og forsendur þeirra mismunandi en heildarniðurstaðan var sú að skuldbindingar Gildis urðu um 1,6 milljörðum króna lægri en nam áður gjaldfærðum varúðarfærslum hjá sjóðnum. Enn á þó eftir að fá niðurstöðu í nokkrum dómsmálum sem tengjast þessu en ef þau vinnast batnar staða sjóðsins en tapist þau hefur það ekki áhrif á stöðu hans. Óvissu vegna stöðu gjaldmiðlavarnarsamninganna við gömlu bankana hefur því verið eytt úr bókum sjóðsins.

Árni fór yfir verðbréfaeign samtryggingardeildar í árslok 2012 og gerði grein fyrir skiptingu safnsins. Stærstu eignarflokkarnir eru ríkistryggð skuldabréf sem eru 42,6% af safninu, erlend hlutabréf 23,1% og innlend hlutabréf 8,8% af safninu.

Fjárfestingarstefna

Árni vék því næst að fjárfestingarstefnu sjóðsins og sagði að hún miði að því að ná sem bestri ávöxtun með hliðsjón af þeim kjörum sem bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Árni gat þess að fjárfestingarkostir hafi verið takmarkaðir undanfarin ár og beri stefna sjóðsins þess nokkur merki. Hægfara endurreisn hafi verið á íslenskum markaði og hömlur á nýjum

mmmm
130

fjárfestingum í erlendum verðbréfum. Í stefnunni fyrir árið 2013 verður áfram lögð áhersla á að auka vægi innlendra hlutabréfa, skuldabréfa fyrirtækja og sveitarfélaga sem og veðlána. Einnig eykst vægi erlendra hlutabréfa. Árni sýndi yfirlit yfir fjárfestingarstefnu samtryggingadeildar 2013 og gerði einnig grein fyrir fjárfestingarstefnum séreignardeildanna sem eru lítið breyttar milli ára.

Tryggingafræðileg úttekt

Árni greindi frá því að kynning á tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sjóðsins verði með öðru sniði en áður en Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur gerði tryggingafræðilegum athugunum mjög ítarleg skil á sjóðfélagafundi í nóvember og því verði stiklað á stóru og helstu niðurstöður kynntar hér. Árni gerði grein fyrir hvað fælist í tryggingafræðilegri úttekt en það er annars vegar að reikna áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 4,4% eða um 23,2 ma.kr. en það er betri staða en í árslok 2011sem var þá neikvæð um 4,9%. Áfallin staða er neikvæð um 12.2 ma.kr. en var neikvæð um 15,5 í úttektinni 2011. Úttektin er að mestu leyti unnin út frá sömu forsendum og árið 2011 nema hvað nú er miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu áráanna 2007 til 2011 á Íslandi í stað áráanna 2004 til 2008 í síðustu könnun. Þetta gerir það að verkum að áfallin skuldbinding sjóðsins eykst verulega eða um 3,5 ma.kr (1,1%) og heildarskuldbindingin um 6,1 ma.kr. (1,2%).

Árni gerði að lokum grein fyrir álagi á örorkulíkur hjá Gildi sem er 30% m.v. staðlaðar líkur. Þetta gerir það að verkum að örorkuskuldbindingar Gildis eru mun hærri en flestra annarra lífeyrissjóða. Ef álagið hefði verið 0% þá hefði framtíðarstaða sjóðsins orðið 5,6% betri og heildarstaða því jákvæð um 1,2%.

3. Störf endurskoðunarnefndar

Hólmgeir Jónsson nefndarmaður endurskoðunarnefndar

Í upphafi máls síns rifjaði Hólmgeir upp það lagaumhverfi sem endurskoðunarnefndin starfar eftir en með lögum nr. 80/2008 var gerð breyting á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og sett inn ákvæði um endurskoðunarnefnd. Vitnaði Hólmgeir í þessar lagagreinar og las upp ákvæðið sem lýtur að endurskoðunarnefndinni.

Hólmgeir sagði að í kjölfar síðasta ársfundar hafi stjórn sjóðsins skipað endurskoðunarnefnd eins og löggin mæli til um og í henni eigi sæti auk hans sjálfs, Kolbeinn Gunnarsson og Sigurður Þórðarson sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Hólmgeir gerði því næst grein fyrir aðalhlutverkum endurskoðunarnefndarinnar sem tiltekin eru í erindisbréfi nefndarinnar:

- Mat á eftirlitsumhverfi lífeyrissjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar.
- Greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda.
- Tryggja fylgni við gildandi lög og reglur.
- Hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila til að auka traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum sem sjóðurinn birtir.

Í júní 2011 birti FME drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila. Miðað við þessi drög telur Hólmgeir ekki nauðsynlegt að breyta erindisbréfi nefndarinnar en það sé þó á dagskrá nefndarinnar að yfirfara erindisbréfið á þessu ári. Hólmgeir gerði því næst grein fyrir störfum nefndarinnar á starfsárinu og sagði að nefndin hafi haldið alls 10 fundi. Meginverkefni nefndarinnar frá síðasta ársfundi var að meta innra eftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum ásamt því að fylgjast með vinnu hjá innri- og ytri endurskoðendum sjóðsins og leggja mat á störf þeirra og skýrslur. Hólmgeir vitnaði í fundi sem nefndin sat bæði með starfsmönnum og einnig stjórn, tryggingafræðingi og endurskoðendum og lýsir nefndin ánægju sinni með það að áætlanir og skil á skýrslum hafi staðist fyllilega, bæði hjá starfsmönnum sjóðsins og

Mona
180

endurskoðendum. Nefndin kannaði skil sjóðsins á skýrslum til FME og Seðlabanka Íslands og könnunin leiddi í ljós að sjóðurinn skilar umbeðnum gögnum á réttum tíma til viðkomandi aðila.

Eins og áður sagði er eitt af meginhlutverkum nefndarinnar að leggja mat á eftirlitsumhverfi og áhættustýringu sjóðsins. Í þessu tilliti segir Hólmgeir fjárfestingarstefnuna vera mikilvægt skjal í áhættustýringu sjóðsins og einnig mikilvægt að til staðar sé formlegt áhættustýringarferli með skráða verkferla og ábyrgðarsvið einstakra aðila varðandi einstakar fjárfestingarákvarðanir og mat á áhættu því samfara.

Hólmgeir sagði að frá því að endurskoðunarnefndin tók fyrst til starfa 2009 hafi verið unnið markvisst af hálfu stjórnar og starfsmanna að því að bæta allt innra eftirlitsumhverfi og eignastýringu sjóðsins. Metur nefndin það svo að mikilvæg skref hafi verið stigin hjá sjóðnum varðandi eigna- og áhættustýringu m.t.t. krafna frá FME meðal annars með nýrri áhættustefnu sjóðsins sem var samþykkt af stjórn sjóðsins í apríl 2013.

Hann þakkaði að lokum stjórn og starfsmönnum góða samvinnu á liðnu starfsári.

Fundarstjóri opnaði nú mælendaskrá og bað þá sem vildu taka til máls að láta sig vita, kynna sig í pontu og bera fram fyrirspurnir sínar með skýrum hætti og beina þeim til þeirra aðila sem við á.

Til máls tók **Þorsteinn Víglundsson**

Þorsteinn lýsti í upphafi ánægju sinni með góða mætingu á ársfund Gildis og óskaði jafnframt stjórn og starfsmönnum til hamingju með góðan árangur í starfsemi sjóðsins og sagði raunávöxtun upp á 7,3% góðan árangur í því fjárfestingaumhverfi sem sjóðurinn starfar við í dag. Þorsteinn sagði það einnig ánægjulegt að meðalraunávöxtun síðustu 10 ára væri að nálgast 3,5% sem væri mjög góður árangur í ljósi aðstæðna á markaði á þessum tíma.

Þá gerði hann að umtalsefni neikvæðar umræður og ásóknir á lífeyrissjóðina og sagði mikið vera sótt að sjóðunum í opinberri umræðu, s.s.í umræðu um verðtryggingu og réttlæti gagnvart henni. Hann sagði það oft vilja gleymast hversu mikilvægir þessir sjóðir eru fyrir okkur sjóðfélagana og hvaða hlutverki þeir eiga að gegna sem er að varðveita lífeyri til lengri tíma lítið. Þorsteinn telur opinbera skattlagningu á lífeyrissjóðina byggjast á miklum misskilningi og gangi beint gegn jafnræði sjóðfélaga í almennu sjóðum annars vegar og opinberum sjóðum hins vegar.

Þorsteinn sagði íslenska lífeyriskerfið vera einstakt og mjög vel hafi til tekist við að koma því á fót á þeim áratugum sem það hefur verið í uppbyggingu en sagðist jafnframt vonast til að lífeyriskerfið fari að komast inn í eðlilegra og heilbrigðara rekstrarumhverfi en verið hefur undanfarin ár, þar sem hægt verði að horfa fram á veginn. Hann segir Íslendinga vera öfundsverða af því kerfi sem hér hefur verið byggt upp og sagði það hafa reynst okkur vel í erfiðleikum sem þjóðin gekk í gegnum eftir hrun.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn tók undir orð Þorsteins Víglundssonar og óskaði stjórn og starfsmönnum til hamingju með góðan árangur í rekstri sjóðsins á árinu 2012 með 7,3% raunávöxtun og vakti athygli á því að hrein eign sjóðsins hefur hækkað um 61 milljarð króna á síðustu tveimur árum. Örn vék því næst að málaferlunum sem Gildi á í vegna víkjandi láns Glitnis og segir það mikil vonbrigði hversu lengi þetta mál hefur staðið og óskaði eftir betri skýringum, þar sem um mjög háar upphæðir er um að ræða. Örn kom einnig inn á hækkun fjárfestingatekna á milli ára og óskaði eftir nánari sundurliðun á þeirri hækkun.

Örn vék að endurskoðun sjóðsins og gríðarlegri hækkun sem hefur orðið á kostnaði vegna hennar á milli ára og rifjaði upp að hann hafi borið upp tillögu á síðasta ársfundi, sem var felld, þess efnis að skipt yrði um endurskoðunarskrifstofu og segir ástæðuna hafa verið að fylgja eftir niðurstöðum rannsóknarnefndar sem skipaðar voru í kjölfar hrunsins og einnig til að lækka kostnað. Óskaði

MCM
180

Örn eftir útskýringum á þessari 40% hækkun á milli ára og spurði hvort ekki væri kominn tími til að bjóða þetta út eða leita annað.

Örn sagðist hafa gagnrýnt það á undanförunum árum að Gildi ætti ekki fulltrúa í stjórn þeirra félaga sem sjóðurinn á verulegan hlut í. Hann fagnar því að í nýrri hluthafastefnu sé tekið undir þessi sjónarmið og vitnaði Örn í þann hluta stefnunnar sem fjallar um tilnefningar í stjórnir félaga. Þá óskaði Örn eftir því að valnefnd sem skipuð er framkvæmdastjóra, formanni og varaformanni og hefur það hlutverk að skipa stjórnarmann í hvert félag, hafi þannig vinnuferli að það verði gegnsætt gagnvart sjóðfélögum. Örn lýsti sérstakri ánægju sinni með þessa nýju hluthafastefnu og sagðist viss um að hún yrði sjóðnum til heilla.

Örn ræddi því næst lánveitingar til sjóðfélaga. Hann óskaði eftir að sjóðurinn myndi auka umsvif sín á þessum vettvangi, auglýsa kjörin sem í boði eru og einnig ætti að undirbúa þann möguleika að bjóða óverðtryggð lán og veita þannig bönkunum samkeppni. Hvatti hann stjórnina til að skoða þessi mál sérstaklega.

Örn ræddi því næst lífeyrismálin og óska eftir að sjóðurinn myndi kynna fyrir sjóðfélögum heimild þeirra að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur. Sagði hann að með því móti gæti eldra fólk minnkað við sig vinnu smátt og smátt og auk þess vikið fyrir þeim sem yngri eru og hafa glímt við atvinnuleysi.

Að lokum þakkaði hann stjórnarformanni Gildis fyrir hennar framgöngu í að tryggja rétt Landssambands smábátaeigenda í fulltrúaráði Gildis.

Til máls tók **Þórunn Sveinbjörnsdóttir**

Þórunn óskaði sjóðnum og sjóðfélögum til hamingju með góða ávöxtun sjóðsins. Þórunn hvatti stjórn Gildis og alla viðstadda til þess að styðja við bakið á eldri borgurum í baráttunni fyrir nýju almannatryggingakerfi en með því mun draga úr áhrifum sem greiðslur úr lífeyrissjóði hafa á tryggingabætur og öfugt. Þórunn segir að kerfið eigi að vera komið á að fullu árið 2017 og ef það gengur eftir verði þetta einhver mikilvægasta réttindabót fyrir eldri borgara sem fram hefur komið á seinni árum. Þórunn sagði að lífeyrissjóðirnir hafi upphafleg verið stofnaðir með það að markmiði að sjóðfélagar fengju greiðslur sínar úr þeim, án þess að skerða almannakerfið eins og það gerir í dag.

Fundarstjóri óskaði nú eftir að fyrirspurnum yrði svarað þar sem ekki voru fleiri á mælendaskrá.

Til máls tók **Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri.**

Árni byrjaði á að svara fyrirspurn Arnar Pálssonar um víkjandi lán Glitnis og sagðist sammála því að þetta mál hafi tekið gríðarlega langan tíma en að sumu leyti hafi það verið til bóta þar sem nýjar upplýsingar hafi komið fram sem hjálpa í málsvörninni. Árni benti jafnframt á að Gildi væri ekki beinn aðili að þessu máli heldur Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna sem fer hér með prófmál og mun niðurstaðan í því máli einnig ráða niðurstöðunni í máli Gildis. Lögmennirnir sem að málinu koma fengu dómskvadda matsmenn til að meta stöðuna, til að hafa sterkari rök í málinu. Allt þetta ferli hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir.

Árni svaraði því næst fyrirspurn varðandi hækkun á fjárfestingatekjum á milli ára og fór aftur ítarlega yfir sundurliðun á 32 ma.kr. hækkun á milli ára. Árni benti á að í reikningunum sjálfum sé farið eftir reikningsskilareglum varðandi færslu á fjárfestingatekjunum og vísaði einnig í skýringar ársreikningsins.

Varðandi fyrirspurn um endurskoðun og hækkun milli ára sagði Árni meginástæðu þessarar hækkunar vera vegna tímasetningar á færslum á reikningum um áramót og raunveruleg hækkun sé því mun minni ef reikningar væru færðir á rétt tímabil. Þá greindi Árni frá því að stjórnin hafi samþykkt tilmæli frá endurskoðunarnefnd um að frá og með árinu 2014 muni sjóðurinn bjóða út endurskoðun sjóðsins.

Varðandi hluthafastefnuna og val á fulltrúum í stjórnir félaga sagði Árni að leitað verði að hæfum einstaklingum sem uppfylli ákveðnar kröfur og sagði það ferli allt vera gegnsætt. Hann benti á að nú þegar hafi Gildi-lífeyrissjóður komið að tilnefningu stjórnarmanna bæði einn og sér og með öðrum félögum.

Árni svaraði því næst fyrirspurn Arnar um aukna áherslu á útlán til sjóðfélaga. Hann sagði að undanfarin ár hafi einkennst af björgunaraðgerðum gagnvart lánþegum sjóðsins og lítið verið um útlán í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu. Árni sagði að fyrst núna væri ef til vill kominn sá tími að snúa blaðinu við og sagði að þessa umræðu vera á borði stjórnar.

Síðasta fyrirspurnin sem Árni svaraði varðaði lífeyristöku fyrir 67 ára aldur. Hann benti á að í samþykktum sjóðsins væri heimild fyrir lífeyristöku allt frá 60 ára aldri en þó með lækkuðum greiðslum þar sem lífeyrisþegar kjósa að hefja töku lífeyris fyrr og til lengri tíma, en það er tryggingafræðilegur útreikningur sem liggur þar að baki. Árni benti einnig á að hægt er að taka hluta af lífeyrinum fyrir 67 ára aldurinn og þá kemur lækkunin einungis á þann hluta.

Fundarstjóri sagði þá fyrstu þremur dagskrárliðum lokið og kynnti lið nr. 4.

4. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum.

Fundarstjóri sagði tvö sett af tillögum um breytingar liggja fyrir fundinum og bað Árna Guðmundsson framkvæmdastjóra að gera grein fyrir þeim tillögum sem stjórnin leggur fram.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögum ásamt greinargerð sem stjórnin leggur fram til breytinga á samþykktum sjóðsins. Þessar tillögur hafa verið sendar öllum aðildarfélögum sjóðsins með tilskildum fyrirvara og hafa verið á heimasíðu sjóðsins til kynningar í rúmlega tvær vikur fyrir ársfund.

Tillögurnar ásamt greinargerð voru svohljóðandi:

1. Gr. 3.2. orðist þannig (yfirstrikaður texti fellur út):

Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Eflingstéttarfélag, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag hársnyrtisveina, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna og Verkalýðsfélagið Hlíf, en Samtök atvinnulífsins af hálfu atvinnurekenda. ~~Þá á Landssamband smábátáeigenda aðild að sjóðnum.~~

2. Gr. 4.1. orðist þannig (nýr málslíður er auðkenndur með rauðu):

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Átta varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðsfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvareandi aðkomu að stjórn sjóðsins.

3. Grein 4.5. orðist þannig (nýtt auðkennt með rauðu):

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður

laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

4. Gr. 5.2. orðist þannig (yfirstrikaður texti fellur út):

Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar þegar þurfa þykir. Skyld er stjórn að boða til aukafundar ef aðildarsamtök sjóðsins krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. ~~Sama gildir ef slík ósk berst frá Samtökum atvinnulífsins.~~ Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarsamtaka sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

5. Gr. 5.3. orðist þannig (nýr málslíður er auðkenndur með rauðu):

Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykkt þessara. Skipunartími fulltrúa er tvö ár. **Við skipan fulltrúaráðs skal leitast við að það endurspegli þær starfs- og atvinnugreinar sem tryggja hagsmuni með iðgjaldsgreiðslum til sjóðsins.** Stéttarfélög sem að sjóðnum standa tilnefna alls 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði. Fjöldi fulltrúa einstakra aðildarsamtaka skal vera í samræmi við vægi iðgjaldsgreiðslna félagsmanna þeirra til sjóðsins og skal það reiknað út annað hvert ár miðað við iðgjaldsgreiðslur félagsmanna hlutaðeigandi félaga næsta ár á undan og ákvarðar sá útreikningur fjölda fulltrúa einstakra aðildarfélagasamtaka í fulltrúaráðinu næstu tvö ár þaðan í frá. Samtök atvinnulífsins tilnefna allt að 80 fulltrúa til setu í ráðinu. Tilkynna skal um tilnefningu í fulltrúaráð minnst 14 dögum fyrir lok yfirstandandi skipunartímabils og öðlast tilnefning gildi við upphaf ársfundar og gildir fram að ársfundi að tveimur árum liðnum. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðs

6. Grein 9.4. orðist þannig (nýtt auðkennt með rauðu):

Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldsdagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan mánaðar frá lokum iðgjaldsgreiðslu-tímabils, skal innheimta vanskilavexti skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða starfsmenn þeirra hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilgrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgjalds-hlutföll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilagreinarinnar. Liggi ekki annað fyrir skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki ~~6%~~ **8%**.

7. Grein 9.7. orðist þannig (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Tvisvar á ári, í 1. mars og 1. september skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski þeir eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir

Handwritten notes in blue ink, including the number 180.

frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Greinargerð:

1. Á sl. ári gerði Landssamband smábátæigenda fyrsta kjarasamning sinn við Sjómannasamband Ísland. Þar varð niðurstaðan sú að vísa um aðild að lífeyrissjóðum til hlutaðeigandi landshlutasjóða. Gildi er ekki sérstaklega tilgreindur þar sem lífeyrissjóður smábátasjóðmanna frekar en aðrir lífeyrissjóðir sem smábátasjóðmenn greiða til. Eru því ekki efni til þess að tilgreina félagið sérstaklega sem aðila að sjóðnum.

Auk kjarasamninga stéttarfélaganna við Samtök atvinnulífsins og Landssamband smábátæigenda eru kjarasamningar við Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Í þessum kjarasamningum er Gildi sérstaklega tilgreindur sem hlutaðeigandi lífeyrissjóður.

2. Eðlilegt þykir að samþykktirnar endurspegli á hverjum tíma þær reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóðsins. Með lögum nr. 122/2011 var tekin upp sú regla að skipan stjórnar og varamanna í stjórn lífeyrissjóða skuli frá 1. september 2013 vera þannig að minnst 40% séu af hvoru kyni. Var ákvæði þess efnis bætt við 29. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997, sem 4. mgr. greinarinnar. Þykir því rétt til áminningar að vísa í samþykktunum til þessarar reglu.
3. Lífeyrissjóðurinn hefur lagt mikla áherslu á mótun reglna og verkferla sem ætlað er að skilgreina og takmarka hinar margvíslegu áhættur sem sjóðurinn býr við. Stjórn sjóðsins hefur sett sjóðnum áhættustefnu sem miðar að því að efla áhættustýringu sjóðsins. Rétt þykir að mótun áhættustefnu sjóðsins eigi sér stoð í samþykktum hans.
4. Setningin sem tillaga er gerð um að falli út er óþörf, þar sem Samtök atvinnulífsins eru meðal aðildarsamtaka hans og geta sem slík kallað eftir fundum eins og greinin kveður á um.
5. Í umræðu um skipulag lífeyrissjóðanna og stjórnarhætti hafa komið fram sjónarmið um að mikilvægt sé að tryggja að sjóðurinn sækji sér bakland til allra þeirra starfs- og atvinnugreina sem að sjóðnum standa. Þau samtök launþega og atvinnurekenda sem stofnuðu til sjóðsins með ákvæðum í kjarasamningum sín í milli eru ábyrg fyrir því að velja fólk til setu í fulltrúaráði sjóðsins. Rétt þykir að áréttá í samþykktunum að til þess er ætlast að þessir aðilar beiti áhrifum sínum til þess að tryggja eftir mætti að fulltrúaráðið endurspegli greiðendur til sjóðsins, launamenn og atvinnurekendur úr hinum mikla fjölda starfs- og atvinnugreina sem að honum standa. Þessir aðilar eiga allir mikið undir því að vel takist til um starfsemi og skipulag sjóðsins og sjóðurinn að sama skapi undir þeim að starfsemi hans njóti trausts og stuðnings í baklandi sjóðsins. Er tillögregreininni ætlað að áréttá þessar staðreyndir.
6. Ákvæði kjarasamninga um hækkað iðgjaldshlutfall atvinnurekenda úr 6% í 8% voru ekki gerðir á öllum starfssviðum sjóðsins á sama tíma og var ákvæðið orðað með hliðsjón af því. Nú er hins vegar óhætt að fullyrða að allir kjarasamningar sem iðgjöld eru greidd eftir til sjóðsins kveði á um a.m.k. 8% iðgjaldshluta atvinnurekenda og því tímabært að ákvæðið endurspegli það.
7. Lífeyrissjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit um réttindi og greidd iðgjöld tvisvar á ári í samræmi við ákvæði laga um starfsemi lífeyrissjóða. Eru yfirlitin send út í mars og september en ekki endilega 1. dag mars- og septembermánaðar. Þykir því réttara að kveða á um að þau skuli send út í mánuðinum fremur en tiltekinn dag.

MAR
130

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn sagði flestar þessar tillögur vera til bóta nema þá fyrstu. Hann sagði Landssamband smábátaeigenda lengi hafa legið undir gagnrýni fyrir að gera ekki kjarasamninga og nú þegar þeir væru í höfn þá kæmi á óvart að Landssambandið væri strikað út úr samþykktum sjóðsins. Örn vitnaði í 2. málsg. 1. gr. greinargerðarinnar þar sem sagt er að Gildi sé sérstaklega tilgreindur í þeim kjarasamningum sem getið er um í greininni. Hann sagði það ekki rétt að Gildi væri tilgreindur sjóður í öllum þessum kjarasamningum og vitnaði í nokkra samninga. Örn sagðist telja þessa breytingu byggða á misskilningi og óskaði eftir að tillagan í fyrstu greininni væri dregin til baka.

Til máls tók **Harpa Ólafsdóttir**

Harpa þakkaði Erni Pálssyni fyrir athugasemdina og sagði stjórnina leggja áherslu á að fulltrúaráðið endurspegli samsetningu sjóðsins bæði af hálfu atvinnurekenda og launþega. Harpa benti á að Gildi væri með langstærsta hóp viðsejenda á sínum snærum m.v. aðra lífeyrissjóði og því mikilvægt að gæta samræmis og ekki tiltaka eitt félag af mörgum eins og Landssamtök smábátaeigenda voru tilgreind í samþykktunum og því eðlilegt að taka þau út. Hún hvatti Örn Pálsson til dáða um að hafa frumkvæði í viðræðum við Samtök atvinnulífsins varðandi þessi mál.

Til máls tók **Arthúr Bogason formaður Landssambands smábátaeigenda**

Arthúr sagðist ekki hafa mætt áður á ársfund Gildis en segist hafa greitt í sjóðinn alla sína starfsævi. Hann sagðist ekki hafa sett sig inn í þau mál sem Örn Pálsson hefur komið að á fundinum og sagði það því koma sér á óvart að sjá hér Landssamband smábátaeigenda strikað út úr samþykktum sjóðsins. Artúr segir það alvarlegt mál að ekki sé rétt með farið í greinargerðinni þar sem sagt er „Í þessum kjarasamningum er Gildi sérstaklega tilgreindur sem hlutaðeigandi lífeyrissjóður“ og spurði stjórnina hvort það væri sæmandi að strika Landssamband smábátaeigenda út á grundvelli þess að þetta er ekki rétt?

Til máls tók **Harpa Ólafsdóttir**

Harpa sagði að í kjarasamningum við Reykjavíkurborg væri Gildi sérstaklega tiltekið en orðalagið í öðrum kjarasamningum vera samsvarandi og hjá Landssambandi smábátaeigenda.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn sagði það valda sér vonbrigðum að Harpa skuli ekki draga þessa tillögu til baka þar sem hann telji hana þarfnast mun meiri umræðu og skorði á fundarmenn að fella tillöguna. Hann benti líka á að í skýringum nr.1 í ársreikningi er Landssambandi smábátaeigenda sleppt og þetta sé gert áður en búið er að breyta samþykktunum.

Fundarstjóri svaraði Erni varðandi skýringu nr. 1 í ársreikningi og benti á að þarna er bara verið að telja upp samtök launafólks.

Fundarstjóri gerði að tillögu sinni að afgreiða tillögurnar í tvennu lagi. Afgreiða tillögu nr. 1 sérstaklega og nr. 2 - 7 í einu lagi og var það samþykkt.

Tillaga nr. 1 Breyting á grein 3.2

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Tillögur nr. 2 - 7

Samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri kynnti tillögur Arnar Pálssonar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að ef gerðar eru tillögur um breytingar á samþykktunum sem varða einhver þau atriði sem eru í kjarasamningum þeirra aðildarsamtaka sem að sjóðnum standa, þá þurfa þau samtök að veita samþykki sitt fyrir því að slíkar breytingar komist að. Af þessum ástæðum eru ekki allar tillögurnar tækar til afgreiðslu á þessum fundi og einungis þrjár af

MANA
788

tillögunum sem ekki lúta að stjórnskipulagi sjóðsins. Af þessum þremur er ein samhljóða tillögu stjórnar sem þegar hefur verið samþykkt á fundinum. Eftir standa því tvær tillögur sem koma til afgreiðslu á fundinum og eru þær svohljóðandi:

1. 4. málsl. gr. 4.5. orðist þannig:

„Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður til tveggja ára forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til tveggja ára um að annast innra eftirlit.“

2. Við gr. 6 bætist ný málsgrein, svohljóðandi: „Nýr endurskoðandi skal ráðinn til tveggja ára í senn“.

Til máls tók **Örn Pálsson** og kynnti tillögur sínar vegna greina 4.5 og 6.2.

Örn gerði grein fyrir því að hann hafi lagt þessar tillögur fram á sumarfundi stjórnar Landssambands smábátaeigenda 2012 og þar hafi þær fengið mikla umræðu og verið einróma niðurstaða að leggja þær fram. Örn gerði grein fyrir þessum tveimur tillögum og þeim tveggja ára takmörkunum sem samtökin vilja ná fram með breytingum á grein 4.5. Varðandi tillögu 6.2, þar bætist við að nýr endurskoðandi skuli ráðinn til tveggja ára í senn.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók **Harpa Ólafsdóttir**

Harpa gat þess að endurskoðunarnefnd hafi verið starfandi hjá sjóðnum frá árinu 2009 og benti einnig á að ýmsar umbætur hafi verið gerðar sem snúi bæði að störfum innri og ytri endurskoðenda sjóðsins. Harpa telur hins vegar ekki rétt að miða við tveggja ára tímabil varðandi störf endurskoðanda þar sem það taki ákveðinn tíma að kynna sér starfsemi sjóðsins. Harpa vitnaði í lög um endurskoðendur nr.78/2008 þar sem kveðið er á um að ekki sé skipt um endurskoðanda sjaldnar en á sjö ára fresti en lagaramminn krefst ekki að skipt sé um endurskoðunarstofur heldur eingöngu endurskoðendur. Harpa benti á að eins og áður hafi komið fram á fundinum liggur fyrir ákvörðun stjórnar að leita tilboða í endurskoðun frá og með 2014.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild frá flutningsmanni um að bera upp tillögurnar saman og var það samþykkt. Fundarstjóri bar því næst tillögurnar upp.

Tillögurnar voru felldar með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

5. Kosning/skipan stjórnar.

Fundarstjóri benti á að eingöngu væri kosið um fulltrúa launafólks þar sem atvinnurekendur skipa sína menn í stjórn. Hann kynnti framlagða tillögu.

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára, til ársfundar 2015:

Aðalmenn: Harpa Ólafsdóttir
Elínbjörg Magnúsdóttir

Varamenn: Fanney Friðriksdóttir
Guðmundur Ragnarsson

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til eins árs:

Varamaður: Lilja Sæmundsdóttir

Handwritten signature and date: 18/4

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri tillögum um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna. Ekki komu fram aðrar tillögur og lýsti fundarstjóri þessa aðila rétt kjörna.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipan Samtaka atvinnulífsins í stjórn sjóðsins til tveggja ára:

Aðalmenn: Orri Hauksson
Hjörtur Gíslason

Varamenn: Guðný Benediktsdóttir
Anna María Kristinsdóttir

Skipan Samtaka atvinnulífsins í stjórn sjóðsins til eins árs:

Varamaður: Þorsteinn Víglundsson

6. Ákvörðun um laun stjórnar.

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna.

Mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 86.000-, laun formanns verði tvöföld eða kr. 172.000- og laun varaformanns verði kr. 129.000-. Ef varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn greiðast kr. 43.000.- fyrir hvern setinn fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en 1 í hverjum mánuði skal greiða aukalega fyrir hvern setinn fund. Stjórnarmaður skal fá sömu greiðslu og varamenn fá greitt fyrir hvern setinn fund og formaður og varaformaður í sömu hlutföllum og að ofan greinir.

Til máls tók **Harpa Ólafsdóttir**

Harpa sagðist vilja deila þeirri skoðun sinni að hún teldi mikilvægt að ákvarðanir um launakjör stjórnarmanna í lífeyrissjóðum séu unnar eins faglega og kostur er. Telur hún heppilegast að fá fagaðila til að ákvarða launin og tæki hann mið af ábyrgð og umfangi stjórnarsetu. Harpa rakti því næst þróun stjórnarlauna hjá Gildi en þau hafa alls hækkað um 15% frá árinu 2008, með lækkunum í millitíðinni og einnig bar hún stjórnarlaun Gildis saman við stjórnarlaun Lífeyrissjóðs ríkisins og Lífeyrissjóð verslunarmanna sem eru þó nokkuð hærri. Þá gerði hún grein fyrir könnun sem unnin var af KPMG um stjórnarlaun íslenskra stjórnarmanna.

Fundarstjóri opnaði umræðu um tillöguna. Enginn óskaði eftir að tjá sig um tillöguna þannig að fundarstjóri lagði hana fram til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur.

7. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um að KPMG Endurskoðun hf. verði endurskoðandi Gildis til eins árs og opnaði fyrir umræðu um tillöguna.

Fundarstjóri óskaði eftir fleiri tillögum.

Örn Pálsson bar fram breytingatillögu um Ernst & Young ehf.

Fundarstjóri bar tillögu um Ernst & Young ehf. undir fundinn.

Tillagan felld með öllum atkvæðum gegn einu.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu um fyrirliggjandi aðaltillögu.

Tillaga um KPMG sem endurskoðanda var samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu.

8. Önnur mál

Fundarstjóri kynnti síðasta lið á dagskrá og opnaði fyrir umræður.

Til máls tók **Guðríður Kristjánsdóttir**.

Hún kom inn á málefni endurskoðanda. Guðríði finnst það léleg rök að Harpa formaður hafi sagt að endurskoðendur þyrftu tíma til að komast inn í starfsemi sjóðsins og að þrátt fyrir að KPMG hafi verið endurskoðandi frá upphafi Gildis þá aukist og aukist kostnaður við endurskoðun og finnst Guðríði það í mótsögn við það sem Harpa hafði kynnt.

Til máls tók **Árni Guðmundsson** framkvæmdastjóri og gerði grein fyrir erindi Árna Jóns Konráðssonar.

Árni Jón Konráðsson hafði sent til sjóðsins þrjár fyrirspurnir. Í fyrsta lagi spurði hann hve háar greiðslur hefðu borist til sjóðsins í gegnum Greiðslumiðlun sjávarútvegsins sem iðgjöld, á árunum 2006-2012. Svárið við því er 7,1 milljarður króna á þessu tímabili. Í öðru lagi spyr Árni Jón um skýringar á ársreikningi sjómanna frá 1980, hvort þar hafi verið reiknað á annan veg og þannig lækkað eignir lífeyrissjóðsins og hver sé skýringin á þeirri eignalækkun. Framkvæmdastjóri gat þess að nokkrir fundir hafi verið haldnir með Árna Jóni á skrifstofu sjóðsins og að ekkert sé hægt að sjá í reikningunum sem styður þessa skoðun hans á rangfærslu. Síðasta spurning Árna Jóns varðar það hvað Þórarinn Viðar Þórarinsson lögmaður hafi fengið í laun við að sameina lífeyrissjóðina. Framkvæmdastjóri sagðist svara þessari spurningu eins og áður að sjóðurinn gefi ekki upp greiðslur til einstakra verktaka.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn kynnti tillögurnar sem Landssamband smábátaeigenda ætlaði að leggja fyrir fundinn. Sagði hann þessar tillögur ganga út á það að auka lýðræði í sjóðnum og fella niður fulltrúaráðið. Tillögurnar gerðu ráð fyrir átta manna stjórn og fjórir af þeim yrðu kosnir á ársfundum sjóðsins og það séu sjóðfélagarnir sem kjósi úr sínum hópi. Menn bjóði sig fram til stjórnarsetu og allir sjóðfélagar sem mæta til fundar hafi atkvæðisrétt en þeir sem ekki geta mætt geti tilnefnt fyrir sig aðila til að fara með sitt atkvæði. Örn telur að með þessu muni fleiri mæta á fund og þetta muni opna sjóðinn betur fyrir sjóðfélögum. Örn segir þessar tillögur í fullu samræmi við það sem kom út úr rannsóknarnefnd Alþingis og einnig úr rannsóknarskýrslu lífeyrissjóðanna.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson**

Árni Jón kvartaði yfir því að mega aldrei birta gögnin sem hann hafi fram að færa. Árni rakti því næst sögu um lántöku sína hjá sjóðnum sem var til 20 ára og kostnað við þá lántöku. Árni sagði að á sama tíma hafi verði skerðing hjá Lífeyrissjóði sjómanna vegna slæmrar ávöxtunar hjá sjóðnum. Árni gerði einnig grein fyrir upphæðum sem hann greiddi til sjóðsins árið 1980 og vill meina að sjóðurinn hafi lækkað réttindi sín á þessum tíma.

Til máls tók **Sigurður Bessason**

Sigurður þakkaði fyrir mjög góðan fund og sagði það ánægjulegt að fylgjast með störfum fundarins þar sem umræðan hefur einkennst af áhuga fyrir störfum sjóðsins og þeim árangri sem náðst hefur. Sigurður sagði augljóst að sjóðurinn væri að ná sér aftur á braut frá áfallinu við hrunið 2008 og telur nú meiri samhljóm í þeim verkefnum sem unnin eru í sjóðnum. Sigurður vék því næst að tillögum Arnar Pálssonar og segist vera hissa á honum að bera þær fram aftur og aftur. Benti hann Erni á að skoða frekar hvernig staðið er að kosningu stjórnarmanna atvinnurekenda megin heldur en vera með athugasemdir við fulltrúaráðið hjá launafólkinu. Sigurður benti á að í Eflingu eru rúmlega 20 þúsund félagsmenn og þeir kjósa fulltrúana sem sitja ársfund Gildis og allir hafa möguleika á að gefa kost á sér. Hann sagði Örn koma með margar góðar tillögur og saman ættu þessi félög að auka lýðræðið og starfa í sameiningu að uppbyggingu á þessu grundvallarkerfi sem þurfi að halda utan um. Sigurður sagðist að lokum vonast til að sjá næst tillögu frá Erni um það hvernig atvinnurekendaarmurinn hagar sínum málum við kosningu í stjórn.


Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundinum hafi borist bréf frá Jóhanni Páli Símonarsyni þar sem hann óskaði eftir því að það yrði lesið af fundarstjóra á fundinum. Fundarstjóri kvaðst ekki hafa málfrelsi til að fjalla um málefni sjóðsins á nokkurn hátt og bað um að bréfið yrði fært til bókar með öðrum fundargögnum.

Fundarstjóri sagði þá sínum verkum lokið, þakkaði fyrir fundinn og gaf formanni orðið.


Harpa þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið undanfarin ár, þakkaði einnig fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 19:07

Með atkvæðisrétt á fundinum sátu 56 fulltrúar launamanna og 9 fulltrúar atvinnurekenda. Fjöldi annarra fundarmanna var um 60.



Magnús M. Norðdahl
fundarstjóri



Bjarney Sigurðardóttir
fundarritari